

Stefna í nýsköpun og tækni á sviði velferðarþjónustu



18. nóvember 2015
Þór Garðar Þórarinsson
Halldór S. Guðmundsson



Atriði til umfjöllunnar

- Inngangur – hvernig varð verkefnið til?
- Lykilspurningar.
- Tækifæri og áskoranir.
- Hvað er velferðartækni.
- Samspil í nýsköpun og tækni.
- Framtíðaráherslur í nýsköpun og tækni.
 - Undirbúningur -áherslusvið 1.
 - Þekking og færni -áherslusvið 2.
 - Lausnir - áherslusvið 3.
 - Miðlun og mat - áherslusvið 4.



Tækifæri og áskoranir

- Hin nýja kynslóð eldri borgara.
- Breyting á aldurssamsetningu.
- Þjónusta þvert á kynslóðir.
- Staða aðstandenda í nútíð og framtíð.
- Skyldur hver gagnvart öðrum.
- Fjölbreytileiki.
- Krafa um að njóta lífsins í heilbrigði.
- Gæðin í tengslum fólks.



Svið velferðartækni

- Velferðartækni er skipt upp í fjögur megin svið:
 - Öryggistækni sem ætlað er að skapa öruggja umgjörð um líf einstaklingsins og eigin heilbrigði t.d. öryggishnappur.
 - Tækni til að bæta fyrir missi og styðja við bættu líðan t.d. minnistap - skert hreyfifærni – umhverfistjórn á heimili.
 - Tækni til félagslegra samskipta við aðra, t.d. upplýsingatækni af ýmsu tagi.
 - Tækni til þjálfunar og eigin umönnunar.
- Velferðartækni getur nýst sem verkfæri í þeirri viðleitni að færa þjónustuna nær notendum (nærþjónusta) þar sem samvinna er milli sveitarfélaga, frjálsra félagasamtaka, nærsamfélags og aðstandenda.



Samspil í nýsköpun og tækni

- Áhersla á heildstæðar lausnir þar sem fyrirbyggjandi aðgerðir, snemmtæk íhlutun, greining, meðferð og eftirfylgd verða lykilþættir í árangri. Til að ná þeim árangri er stefnt er nýsköpun lykilþáttur. Styrkja nýsköpun innan opinberrar þjónustu.
- Það kallar á samspil:



Framtíðaráherslur í nýsköpun og tækni

- Nærþjónusta taki mið af aðstæðum á vettvangi.
- Fyrirbyggja í stað þess að bregðast við.
- Íhlutun sé snemmtæk.
- Auka samstarf aðila á vettvangi.
- Auka samstarf við sveitarfélög við framkvæmd verkefna.
- Styrkja samstarf sérfræðinga, fagfólks og notenda.
- Styrkja þátttöku notanda við mótun og framkvæmd stefnu og áætlana.
- Styrkja samvinnu ríkis og sveitarfélaga við atvinnulífið um velferðarlausnir af ýmsu tagi.



Fjögur áherslusvið stefnu í nýsköpun og tækni

➤ Áherslusvið 1. Undirbúningur

- Endurskoðun á laga og reglugerðaumhverfi.
- Stuðningur við nýsköpun á sveitarfélagstiginu.
- Almennar áherslur á nýsköpun.
- Nýsköpunaráætlanir hjá sveitarfélögum.



Áherslusvið 1. Undirbúningur

1.1 Endurskoðun á laga og reglugerðarumhverfi

- Markmið : Að fyrir árið 2016 hafi verið ráðist í breytingar og endurskoðun á lögum og reglugerðum um velferðarþjónustu og tryggt að fjölbreytilegar velferðarlausnir verði alltaf upplýstur kostur við framkvæmd þjónustunnar.
- Framkvæmd : Endurskoðun skal unnin í samráði fjölmargra hagsmunaaðila til þess að tryggja að sem flest sjónarmið fái notið sín. Í þessu samhengi er gert ráð fyrir að búið sé til leiðbeiningarefni og upplýsingar um breytingarnar séu almennt aðgengilegar. Sérstaklega verði hugað að siðferðilegum álitaeftum.
- Ábyrgðaraðili : Velferðarráðuneytið.
- Eftirfylgni : Velferðarráðuneytið.
- Samst.aðilar : Önnur ráðuneyti, sveitarfélögin og hagsmunaaðilar.
- Kostnaður : Í samantekt í kostnaðargreiningu.
- Mælikvarðar : Þær nauðsynlegu breytingar sem framkvæmdar hafa verið að mati hagsmunaaðila.

- Áherslusvið 2. Þekking og færni
 - Styrking þekkingar og færni í sveitarfélögunum.
 - Stuðningur á nám á vettvangi sveitarfélaga.
 - Nám/námskeið á ýmsum skólastigum.
 - Samstarf ríkisins, sveitarfélaga og frumkvöðla.
 - Upplýsingagátt.
 - Þekkingaruppsprettur.
 - Góðar fyrirmyndir



Áherslusvið 2. Þekking og færni

2.1 Styrking þekkingar og færni í sveitarfélögum

- Markmið : Að á árinu 2015 hafi ríki og sveitarfélög tekið í notkun skilgreindar aðferðir nýsköpunar við stjórnun og forystu.
- Framkvæmd : Verkefnið taki til upplýsingaöflunar og tölfraeðivinnslu og uppbyggingar þekkingar og færni til að tryggja að sveitarfélög séu enn frekar í stakk búin til þess að starfrækja nýsköpunarverkefni. Jafnframt bjóði ríki og sveitarfélög í samvinnu upp á ýmiss konar þróunarkosti í því hvernig hægt sé að styrkja pólitíska og stjórnunarlega ákvarðanatöku á sviði stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Þar myndu pólitískt kjörnir fulltrúar, fulltrúar fagstétta og frumkvöðlar, ásamt notendum þjónustunnar, taka höndum saman.
- Áb.aðilar : Velferðarráðuneytið.
- Eftirfylgni : Velferðarráðuneytið og Innanríkisráðuneytið.
- Samst.aðilar : Sveitarfélögin og aðrir hagsmunaaðilar.
- Kostnaður : Í samantekt í kostnaðargreiningu.
- Mælikvarðar : Viðhorf til breytinga hjá ríki og sveitarfélögum.

➤ Áherslusvið 3. Lausnir

- Öryggi á heimili.
- Stuðningur við færni.
- Stuðningur við félagsleg samskipti.
- Stuðningur á heimilum þar sem starfrækt er þjónusta allan sólarhringinn.
- Aðgengilegar lausnir.
- Þróun og samstarf á sviði félagsþjónustu.
- Þróun lausna í fjölbýli.
- Aukin virkni á vinnumarkaði.
- Menntun og virkni.
- Aðgengi að samfélaginu.



Áherslusvið 3. Lausnir

3.1 Öryggi á heimili

- Markmið : Að fyrir 1.6. 2015 verði lokið fyrstu kortlagningu og greiningu á þörf fyrir velferðarlausnir sem tryggja öryggi einstaklinga á heimilum sínum og seinki því að þeir þurfi á viðamikilli stofnanapjónustu að halda.
- Framkvæmd : Verkefninu er ætlað að fá yfirlit yfir þörf fyrir eftirlitskerfi og öryggiskerfi ýmiskonar sem tryggir að fólk geti búið búið lengur heima. Áhersla er einnig á að skoða möguleika fólks til að auka líkamlega virkni til að tryggja hreyfigetu og líkamlega heilsu, bæði sem hluta af endurhæfingu og fyrirbyggjandi aðgerðum. Horft verður til góðra fyrirmynda sem sýnt hafa góðan árangur.
- Áb.aðilar : Velferðarráðuneytið.
- Eftirfylgni : Velferðarráðuneytið.
- Samst.aðilar : Hjálpartækjamiðstöð, Sí, Þekkingarmiðstöðvar og hagsmunaaðilar, frumkvöðlar og fyrirtæki.
- Kostnaður : Í samantekt í kostnaðargreiningu.
- Mælikvarðar. : Fjöldi einstaklinga sem nýta sér lausnir. Fjöldi samstarfssamninga.

- Áherslusvið 4. Miðlun og mat á lausnum og framvindu.
 - Sýningar- og þjálfunarstaðir.
 - Erlent samstarf.
 - Samráð ráðuneyta og undirstofnana.
 - Úttektir og fjármögnun velferðarlausna.

Innovation is not born
from a dream,
innovation is born
from the struggle.




Simon Sinek

Áherslusvið 4. Miðlun og mat á lausnum og framvindu

4.1 Sýningar- og þjálfunarstaðir

- Markmið : Að frá og með 2015 geti notendur skoðað og reynt ýmsar velferðarlausnir.
- Framkvæmd : Gert er ráð fyrir því að komið verði upp að a.m.k. einum stað á landinu þar sem hægt verði að leyfa notendum að skoða og prófa ýmiss konar velferðarlausnir.
- Áb.aðilar : Velferðarráðuneytið, Hjálpartækjamiðstöð Sí.
- Eftirfylgni : Velferðarráðuneytið.
- Samst.aðilar : Hjálpartækjamiðstöð Sí. Landsamband eldri borgara og önnur hagsmunasamtök notenda ásamt frumkvöðlum og fyrirtækjum.
- Kostnaður : Í samantekt í kostnaðargreiningu.
- Mælikvarðar : Starfsemi hafin.

Skipulag samvinnunnar við þróun stefnunnar og áætlunar



Verklag við útfærslu stefnu og áætlunar

- Verklag við útfærslu verkefna.
 - Hugmyndaleit.
 - Raunhæfni hugmynda.
 - IMC Tool.
 - Verkefnastjórnun.
- Hópar
 - Fjórir til sex í hverjum hóp en eiga aðgang að bakhópi.
- Stöðumat á þriggja til sex mánaða fresti.
- Afurð er útfærð tillaga að framkvæmd, tillaga í gangi og „verkefni lokið“

